

Minningardagur um Elku 7. september 2017

Ágætu félagar,

Til hamingju með daginn

Mig langar í upphafi að þakka þeim sem hafa borið hitann og þungann af þessum minningardegi um Elku Björnsdóttur og hafa gert þennan dag mögulegan.

Þann 7. september 1915 skrifaði Elka Björnsdóttir eftirfarandi línur í dagbókina sína.

Í dag er afmælisdagurinn minn, ég er 34 ára. Þegar ég var unglingur og svo fullorðin, var mér raun af afmælisdeginum mínum, því þá fann ég enn sárar til þess en endranær, hversu mitt vesæla líf var nytjalaust. Og ekki mýkist sú tilfinning með aldrinum. Ég get nú orðið sætt mig við allt, sem var, en ekki við það sem sjálfri mér er að kenna, - það sem ég hefi látið ógert en hefði máske verið framkvæmanlegt ef atorku hefði haft og hæfilega framagirni. En guð hefur innilega og elskuríkt leitt mig til þessarar stundar og honum ber að þakka.....

Það er meiri háttar upplifun oft að fá að njóta textans hennar Elku, hvernig hún dregur myndrænt upp mannlífið og baráttuna á þessum tíma þannig að allt stendur þetta ljóslifandi fyrir hugskotssjónum okkar. Það fer ekki framhjá neinum sem les þennan texta að hún er ritfær með afbrigðum.

Í þessum texta frá afmælisdegi Elku 34 ára sjáum við flest í lífi hennar sem skipti hana máli. Hún áttar sig manna best á hlutskipti sínu þar sem hún á allt undir öðrum, atvinnurekandanum, fjölskyldu sinni og vinum, ekki síst vegna heilsuleysis sem hrjáði hana alla ævi. Þrjár stoðir eru í lífi hennar, það eru fjölskylda og vinir sem standa henni næst, félagsskapurinn í kringum Verkakvennafélagið Framsókn og Alþýðusambandið sem þá var einnig stjórnmalaflokkurinn Alþýðuflokkur. En síðast og ekki síst er það trúin á guð almáttugan sem ef til vill er sterkasti þráðurinn í lífi hennar.

En það er ljóst að Elka vanmetur eigið framlag til lífsins í kringum sig. Það var engan veginn nytjalaust eins og hún lýsir því.

Að setja sig í sporin þeirra

Við nútímamenn og konur ímyndum okkur oft að við getum sett okkur inn í löngu liðna atburði og teljum okkur jafnvel geta upplifað veruleika fortíðarinnar, upplifað aðstæður fólks, skynjað andrúmsloft og menningu, kjör fólks og daglegt líf þess frá löngu liðnum tímum.

Fræðimenn og ævisöguritarar hafa í aldanna rás hjálpað okkur að færa reynslu- og hugarheim fortíðar okkar til kynslóða samtímans, þekking sem síðan skilar sér til næstu kynslóða.

Það er einmitt af þessari ástæðu sem við stöndum í mikilli þakkarskuld við sagnfræðingana Sigurð Gylfa Magnússon og Hilmu Gunnarsdóttur og aðra þá sem komu að útgáfu bókarinnar um Elku Björnsdóttur. Það er fyrst með umfjöllun þeirra að líf hennar Elku sést í nýju ljósi. Þá fyrst fær hinn almenni lesandi dagbækurnar með skýringum þeirra og vandaðri umfjöllun sem sýndu skrifum Elku og persónu hennar tilhlýðilega virðingu.

En ætlum okkur ekki þá dul að við getum með nokkru móti sett okkur í spor Elku Björnsdóttur. Elka er fædd árið 1881. Þá eru enn í gildi vistarbandslögin illræmdu sem voru ekki afnumin með lögum fyrr en 1894 eða þrettán árum eftir fæðingu hennar. Í reynd voru vinnuhjú á bæjum til sveita ófrjáls að afla sér atvinnu í eigin þágu þar sem allar tekjur þeirra runnu til húsbændanna. Þetta var mansal þeirra tíma. Lögvarinn þrældómur oft á tíðum.

Áhrif þessa ófrelsis vinnufólks í sveitum hélt áfram um margra ára skeið eftir afnám laganna og fróðlegt er að lesa í dag um rök þeirra sem vildu halda vinnuhjúum áfram í þrældómi sveitalífsins. En fátækir Íslendingar áttu sín tækifæri í umkomuleysi sínu, margir flúðu til Vesturheims en aðrir settust að sem lausamenn við sjávarsíðuna og höfðu margir lífsafkomu sína af fiskveiðum og vinnslu. Elka Björnsdóttir var einmitt í þessum hópi sem lengst af vann við ræstingar, heimilishjálp og í fiskvinnu í Reykjavík.

Trú uppruna sínum

Það er ekki hægt að minnst Elku án þess að skilja að hún var alla tíð trú uppruna sínum og sveitinni sinni, bænum sem hún ólst upp í, Skálabrekku í Þingvallasveit, þar sem sér yfir Þingvallavatn og þjóðgarðinn á einum fegursta útsýnisstað við vatnið.

Þegar Elka flytur til Reykjavíkur árið 1906 var komin heimastjórn á Íslandi með fyrsta íslenska ráðherranum, Hannesi Hafstein. Ein besta vinkona Hannesar Hafstein og stuðningskona alla ævi var Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem var einn af stofnendum Verkakvennafélagsins Framsóknar og leiðandi í kvenréttindabaráttunni sem forystukona Kvenréttindafélagsins. En Bríet var líka mikil vinkona Jónínu Jónatansdóttur sem síðar varð fyrsti formaður Verkakvennafélagsins.

Við sjáum þá þegar móta fyrir íslenska flokkakerfinu þar sem jafnaðarmenn stýra verkalyðsfélögum en heimastjórnarmenn og eignamenn úr höfðingjaættum landsins fara með landsstjórnina. Átökin milli verkafólks og eigenda öflugustu fyrirtækjanna eru að skerpast en kvenréttindabaráttan fær öflugan stuðningsmann í Hannesi Hafstein sem opnar framhaldsmenntun fyrir konur með lögunum 1911 en með þeim er lögbundið að konur og karlar skuli hafa sama rétt í öllum menntastofnunum landsins til náms, námsstyrkja úr opinberum sjóðum og til að gegna þeim embættum sem nám þeirra veitti þeim réttindi til.

Að verkalyðsbaráttunni

En snúum okkur að verkalyðsbaráttunni á þessum tíma og þætti Elku í þeim. Þar sem Verkakvennafélagið var heimavettvangur Elku í fjölda ára, er rétt á þessum stað að rifja upp uppruna Framsóknar en árið 1913 voru mikil fundahöld í Reykjavík á vegum Kvenréttindafélagsins þar sem rætt var um kjör og aðbúnað verkakvenna.

Það er þekkt saga af því hvernig hugmyndin að stofnun Framsóknar kviknaði á þessum tíma og á hún vel heima hér á þessum fundi þar sem Verkakvennafélagið Framsókn varð félagslegur vettvangur Elku Björnsdóttur alla tíð. Sagan er skemmtileg og bregður ljósi á það tvöfalda hlutverk sem konur voru jafnan í á þessum tíma og svo miklu, miklu lengur. Annars vegar að hugsa um allar þarfir fjölskyldunnar, börnin og allt húshald, þvotta, mat og hreinlætisverk og síðan að vera í illa launaðri vinnu úti á vinnumarkaðnum sem oft var erfiðisvinna en konur voru þá varla hálfdrættingar á við karla í launum.

Hugmyndin um stofnun Verkakvennafélagsins Framsóknar varð þannig til að Bríet kom í heimsókn til nágranna- og vinkonu sinnar, Jónínu, sem var önnum kafin í kökubakstri. Bríet sat á eldhússtól og ræddi um kvenréttindi og hvernig mætti safna fé til að styrkja konur til náms. Þá varð Jónínu að orði að þær kvenréttindakonurnar væru alltaf að hugsa um lærðu konurnar. „Væri ekki líka nauðsynlegt að gera eitthvað fyrir verkakonurnar hérna í Reykjavík, fiskverkastúlkurnar og allar, sem verða að þræla daginn út og daginn inn svo að segja á engu kaupi,“ svo vitnað sé í minningarit Kvenréttindafélags Íslands 40 ára. Bríet tók hugmyndinni vel og hvatti Jónínu til að ræða málin meðal verkakvenna. Hugmynd þeirra vinkvenna varð að veruleika í október 1914 þegar 70 konur í Reykjavík stofnuðu Verkakvennafélagið Framsókn og hófu um leið skipulagða baráttu fyrir bættum kjörum verkakvenna sérstaklega.

Staða kvenna á vinnumarkaðnum á þessum tíma var mjög veik. Í reynd var það svo eins og við þekkjum vel frá samskiptum verkafólks og atvinnurekenda á þessum tíma, fyrir tíma skipulagðar verkalyðshreyfingar að verkafólk og þá sérstaklega konur urðu að sitja og standa við verkin eins og atvinnurekandinn

vildi hafa það. Þar sem samningar voru mjög fátæklegir, urðu þær sífellt að fara bónleið að atvinnurekandanum sem hafði það alveg í hendi sér hvort hann varð við óskinni eða ekki. Oftast enduðu þessi samskipti með lakara tilboði en beðið var um.

Gott dæmi um þetta er að finna í deilum sem urðu á Hjalteyri þegar Elka og samstarfskonur hennar fóru fram á það við Ríkharð hjá Kveldúlfi að fá greidda 5 kr. á dag í fæðispeninga þá daga sem ekki væri unnið en matarkostnaður var stór hluti af upphaldi á síldinni á Hjalteyri. Það tók rúma viku að fá svarið. Þrjár krónur skyldu það vera og þýddi ekkert að orða það meira, sagði Ríkharður. Þetta var svarið til þessara köldu og svöngu kvenna sem enn hárðust verkefnalausar í húsunum meðan síldin veiddist ekki. En afstaða Elku, baráttuandi og raunsæi kemur vel fram í færslu hennar í dagbókina þennan dag. „Þeir ráða okkur svona og reka okkur eins og kindahóp, langt frá bestu vinnu hingað norður í kuldann, vinnuleysið, sultinn og sukkið..... Svona var nú höfðingsskapurinn. En auðvitað eru 3 krónur betra en ekkert, sem er niðurstaða Elku og málið er útrætt.

En staða kvenna á vinnumarkaði var ekki aðeins veik heldur var staða þeirra jafnframt þannig að litið er á þær sem aukavinnuafl og viðhengi við „fyrirvinnurnar.“ Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur segir frá því í greininni *Faldar fyrirmyndir í 75 ára afmælisriti Verkakvennafélagsins Framsóknar* að þegar Jónína Jónatansdóttir hafði verið formaður Framsóknar um árabíl og var síðan kosin í bæjarstjórn Reykjavíkur, þá var hún hvorki titluð með formannstitlinum eða bæjarstjórnartitlinum heldur var hún tilgreind í skýrslu Hagstofunnar um kosningarnar sem „gift trésmið.“

Dagbækur Elku leiða í ljós athyglisverða þætti sem hún lýsir þegar stéttarfélögin eru í burðarliðnum. Haldnir voru sameiginlegir fundir Dagsbrúnar og Framsóknar þar sem félögin buðu félagsmönnum sitt á hvað inn á fundi hjá hvort öðru, þar sem stefnumál voru rædd á fundum karla og kvenna, ekki síst þar sem vinnumarkaðurinn var mjög kynskiptur eins og reyndar störfin líka. Árin fyrir skrif dagbóka Elku er mikill umrótatími í verkalýðsmálum þar sem Dagsbrún er stofnuð í janúar 1906, Framsókn í október 1914 og forystumenn þessara félaga ásamt öðrum stéttarfélögum eiga síðan frumkvæði að stofnun Alþýðusambandsins sem þá var jafnframt stjórnmalaflokkurinn Alþýðuflokkur. Elka er ritari Framsóknar og tekur þátt í öllum helstu fundum að stofnun ASÍ, hún aðstoðar jafnframt forystumenn ASÍ að skrifa bréf út á land til að koma stefnumiðum ASÍ á framfæri en oft voru þetta skilaboð um að samþykka ekki launataxta þar sem greitt var undir töxtum sem samið hafði verið um í Reykjavík.

Samhjálpin

Ef það er eitthvað eitt sem einkenndi Elku Björnsdóttur var það gjafmildi og samhjálp. Ef hún fékk silung, smjör eða mjólk, lamb eða innmat í sláturtíðinni var fyrsta hugsunin sú hvernig hún gæti deilt þessu meðal þeirra sem mest væru þurfandi. Þó Elka væri bláfátæk og heilsuveil alla ævi, var umhyggja hennar fyrir fjölskyldu sinni, vinum og ættmönnum alltaf í fyrirrúmi. Þannig sýndi hún jafnaðarstefnu sína ekki bara í dagbókum sínum, heldur sýndi hún það í verki, bæði með matargjöfum sínum og hjálpsemi að hún var trú þeim gildum sem setja mannkærleikinn í efsta sætið.

Þrátt fyrir að Elka sé oft opinská og afdráttarlaus í lýsingum sínum á daglegu lífi í dagbókum sínum er margt samt á huldu með líf hennar og aldrei verður sumum spurningum svarað til fulls. Það er t.d. stórmerkilegt að alþýðukona, bláfátæk og án nokkurra tengsla við höfðingjaættir landsins, sem sátu einar að svokallaðri „æðri menntun“, skuli hafa haft svo einlægan og djúpstæðan áhuga á menntun og menningu. Allir þeir fyrirlestrar og erindi sem hún sótti í Háskólann, jafnvel eftir erfiðan vinnudag, bera vott um ótrúlegan vilja til að mennta sig og fræðast sem mest um hvaðeina. Það er líka áhugavert að í hvert sinn sem hún sækir fundi eða fræðsluerindi gefur hún þeim einkunn sem voru framsögumenn á fundunum.

Hvaða lærdóm drögum við af lífi Elku Björnsdóttur?

En hvaða lærdóm drögum við af lífi Elku Björnsdóttur í ljósi samtímans? Mikilvægt er að gera sér vel grein fyrir því að Elka hefði eflaust ekki viljað í auðmýkt sinni að litið væri á hana sem fyrirmynd þó hún verðskuldi það vissulega. Einn mikilvægasti þráðurinn sem tengdi líf hennar saman var umhyggjan fyrir öðru fólki, ættmönnum, móður og systkinum, vinum og börnum ættingja og vina. Líf hennar helgaðist af því að láta þessu fólki líða vel. Hún vitjaði sjúklinga og sá til þess að þeir hefðu til hnífs og skeiðar, hreint rúm og vel ræst húsnæði.

Elka eignaðist ekki börn sjálf en henni var sérstaklega annt um börn ættingja sinna og vina og voru þau sem hennar eigin. Þá var það gamla og heilsuveila fólkið sem hún sinnti með umhyggju og aðstoð bæði innan vinnudags og utan.

Það er vel á sínum stað hér á þessum fundi að hugsa nú til þeirra starfsmanna okkar sem annast börnin okkar á leikskólunum, annast gamla fólkið okkar á hjúkrunarheimilum, annast sjúklinga á sjúkrahúsum, sumir þessara starfsmanna hafa átt alla sína starfsævi í þessum störfum, hafa sótt margvíslega þekkingu og starfsþjálfun alla ævi. Starfsfólk sem hefur haft þá hugsjón að vinna við þau störf sem teljast til mikilvægustu þátta velferðarkerfisins. En um leið og við segjum þetta, þá verðum við að viðurkenna að það hefur verið eitt erfiðasta verkefni stéttarfélaganna að fá viðurkenningu fyrir viðunandi kjörum þeirra sem hafa

einbeitt sér að umönnunarstörfum og vilja helga sig vinnu með börnum og eldra fólki. Það getur einnig hver sem er sett sig í spor þeirra sem hlusta á fréttir þar sem rætt er við stjórnámamenn í sveitarstjórnunum og á þingi þar sem einblínt er á skólagöngu fólks en ekki starfsreynslu, þjálfun og helgun í verkefnum.

Margt hefur áunnist frá þessum tíma en hún Elka Björnsdóttir kynntist aldrei öllum þeim réttindum sem síðar urðu almenn, atvinnuleysistryggingum, fæðingarorlofi, lögum um sömu laun fyrir sömu vinnu karla og kvenna, jafnréttislögum eða jafnlaunavottun sem hafa hjálpað okkur og munu hjálpa okkur til að mynda réttlátt samfélag. En ef til vill erum við að vanmeta þann þáttinn sem skiptir mestu máli sem er hin mannlega samkennd sem við finnum í svo ríkum mæli hjá Elku Björnsdóttur.

Þess vegna sýnum við minningu Elku Björnsdóttur mesta virðingu með því að hugsa til þeirra í samfélagi okkar sem gegna svipuðu hlutverki og hún gerði það er að láta sér annt um umönnum sjúkra, barna og eldra fólks.